

**Nd.**

**586. Nefndarálit**

um tillögu til þingsályktunar um kaup á húseigninni nr. 16 við Hafnarstræti.

Frá fjárhagsnefnd.

Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, er orðið mjög þröngt um landssímamann í því húsi, sem hann hefir nú til afnota, og er fyrirsjáanlegt, að ekki verður komist af með þetta húsrúm til lengdar. Nefndinni er einnig kunnugt um, að þröngt er orðið í pósthúsinu líka og að ekki getur þess verið langt að bíða, að þar þurfi að auka miklu við. Eins og kunnugt er, liggja þessi tvö hús saman, og er því auðgert að sameina þau til afnota, annaðhvort fyrir póstin eða landssímamann, en þá yrði jafnframt að sjá þeim þeirra, er rýma þyrfti, fyrir nýju húsrúmi. Nefndin telur þetta munu verða hagkvæmustu úrlausn málsins í framtíðinni. Aftur á móti litur hún svo á, að sú lóð, er fylgir því húsi, sem hjer er ráðgert að kaupa, sje of lítil til þess að nægt geti í framtíðinni bæði landssímastöðinni og pósthúsinu, til viðbótar við þau hús og lóðir, sem fyrir eru. Auk þess telur nefndin verðið fremur hátt, þar eð húsið er orðið gamalt og verður, að sögn landssímastjóra, naumast notað í þarfir landssímans nema miklu sje breytt. En þetta mundi kosta allmikið fje, og þó aðeins verða bráðabirgðabót á gamalt fat. Hinsvegar telur nefndin ekki svo bráða þörf á auknu búsrými, að ekki megi fresta þessu um sinn, til þess að stjórninni gefist tími til að athuga þetta mál betur og ráða fram úr því á þann hátt, er telja megi fullnægjandi til frambúðar.

Nefndin leggur því til, að þessi þingsályktunartillaga verði afgreidd með svofeldri

#### RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að stjórnin rannsaki til næsta þings, hvernig hagkvæmast verði til frambúðar ráðin bót á húsnæðisskortri landssímans og pósthöfnunar í Reykjavík og leggi fyrir næsta þing tillögur um þetta mál, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 13. maí 1927.

Kl. Jónsson,      Björn Línadal,      Jón A. Jónsson,  
form.                      frsm.                      fundaskr.

Jakob Möller.      Halldór Stefánsson.      Magnús Jónsson.      Ásgeir Ásgeirsson.